

Ed.

296. Nefndarálit

um frv. til laga um kirkjuráð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en telur þó nauðsynlegt, að tekið sé fram um lengd kjörtíma hinna kjörnu fulltrúa ráðsins. Samkvæmt því leyfir nefndin sér að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 4. gr.

Fyrri málslíður orðist svo:

Kirkjuráðið skipa 5 menn, biskup landsins og 2 guðfræðingar, kosnir af sóknarprestum þjóðkirkjunnar og kennurum guðfræðideildar háskólans til 5 ára í senn, og 2 fulltrúar, kosnir af héraðsfundum til sama tíma.

Alþingi, 27. marz 1931.

Jón Jónsson,
form., frsm.

Erlingur Friðjónsson,
fundaskrifari.

Guðrún Lárusdóttir.